

Stjórnarfundur UMSB

8.apríl 2014 kl.20

Haldinn á skrifstofu Borgarfjarðar í Reykholti

Mættir:

Þórdís Þórisdóttir, Pálmi Blængson, Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Aðalsteinn Símonarson, Þórhildur María Kristinsdóttir

Fundur settur

Ásgeir setur fundinn í fjarveru Sigurðar Guðmundssonar sambandsstjóra.

Afhending styrkja úr afreksmannasjóði UMSB

Átta hafa hlotið styrk úr afreksmannasjóði. Tinna Kristín Finnbogadóttir 30.000 kr. Helgi Guðjónsson 30.000 kr. Daði freyr Guðjónsson 25.000 kr. Bjarni Guðmann Jónsson 30.000 kr. Birgitta Björnsdóttir 25.000 kr. Benjamín Karl Styrmisson 25.000 kr. Arnar Þórsson 25.000 kr. Bjarki Pétursson 50.000 kr. Ásgeir afhendir styrkina

Formaður ber undir atkvæði fundargerðir síðustu tveggja funda.

Fundagerðir samþykktar, en fremur áréttað að fundagerðir verði sendar stjórnarmönnum til yfirlstrar fyrir fund til samþykktar.

Samvest samstarfið –okkar hlutverk.

Pálmi segir frá aðalfundi SamVest. Búið er að fjölga í stjórn og eigum við 1 fulltrúa og lagt var til að hann kæmi úr röðum Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar. Hugmynd um að þau ungmannafélög sem halda úti frjálsíþróttæfinum tilnefni einn úr sínum röðum til að sitja í stjórn Frjálsíþróttfélags Borgarfjarðar. Sigurður lagði til að UMSB myndi halda utanum fjármál SamVest og þá kæmi það í verkahring Pálma að sjá um þessi mál. Virkja þarf stjórn Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar í málið.

Verkefni í gangi

- Viðræður við Hvalfjarðarsveit
Pálmi segir okkur að bréfið sé í skrifum og á aðeins eftir að fínþússa hlutina. Þórdís segir okkur aðeins frá samstarfi Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar um íþróttamál. Segir áhyggju efni að fáir unglingar í Hvalfjarðarsveit stundi íþróttir og tólmstundir. Þetta er mál sem þarf að skoða og sjá hverju má breyta.
- Íþrótt og tólmstundaskólinn
Pálmi segir okkur frá fundi fræðslunefndar og frá gangi mála. Framkvæmdanefndin hefur undanfarið fundað með skólastjórum í Grunnskóla Borgarness og Grunnskóla Borgarfjarðar um ýmis atriði sem þarf að leysa og

allir eru samstíga um að útfæra þau mál fyrir næsta fund fræðslunefndar og fara þá fram á að fá heimild til að ráða starfsmann og koma íþróttaskólanum formlega af stað.

- Heimasíðan

Verður klár í vikunni, en eftir að ganga frá hýsinguni. Pálmi ætlar að bjóða félögum að koma á skrifstofu til að fá leiðbeiningar um notkun á heimasíðunni ef þeir vilja.

- Landsmótið okkar 2016

Pálmi upplýsti okkur um tjaldstæðamál. Lagt til að sækja um styrki í umhverfissjóð Pálma Gíslasonar.

Framlag UMSB til Landsmóta.

Hvetja þarf Landsmótsnefndir til aðstoða og halda utan um þá sem fara á mótin. Samþykkt að hjálpa landsmótshópunum að auglýsa fundi og að fá aðstöðu til funda. Ákveðið að leggja hópunum til dálitla fjármuni til auglýsinga eða kynninga 60.000 á hvorn hóp (ULM og 50+).

50+ á Húsavík 20.-22. Júní.

Kristín sýnir okkur drög að dagskrá. Opinn fundur verður um þessi mál kl:20:00 fimmtudaginn 10. Apríl í Borgarnesi. Markmið fundarins er að hrista fólk saman í eina heild.

Unglingalandsmótið á Sauðárkróki 1.-4. Ágúst.

Byrjað er að mynda hóp um unglíngalandsmót, Sigríður Bjarnadóttir hefur tekið að sér að vera fararstjóri.

Íþróttavellirnir

Skallagrímsvöllur

Samningur við Golfklúbb Borgarness er tilbúinn. Næsti sveitarstjórnarfundur er n.k. fimmtud. og þar verða þessir umhirðusamningar væntanlega samþykktir og þá koma fjármunir í kjölfarið. Samningurinn er til eins árs í senn og þar er verklýsing sem þarf að kynna fyrir frjálsíþróttafélaginu og knattspyrnudeild svo henni sé fylgt eftir.

Þegar samningurinn verður undirritaður er sjálfsagt að láta vita af því svo sjáist að UMSB og Borgarbyggð séu að vinna saman að íþróttamálunum.

Íþróttavellirir á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum.

Þeir koma inn á næsta ári og þeim fylgja 500 þús fyrir hvorn völl. Reyna að fá Unglingavinnuhópa sumarsins til að laga aðeins til núna í sumar s.s. setja sand í gryfjur, mála og snyrta, vonandi fást aðeins peningar frá BB til þeirra verka.

Forvarnar og eineltissjóður (teymi) hjá UMSB (sbr. Grindavík)

Pálmi rifjar upp frá síðast fundi. Hugmynd um að leggja þetta fyrir á næsta formannafundi og fá hugmyndir frá félögum hvernig best væri að standa að þessu.

Önnur mál.

Akstur á stjórnarfundi, samþykkt að greiða stjórnarfólki 70kr fyrir allan akstur umfram 10km. gegn framvísun reiknings í lok árs.

Ritari fundargerðar hefur viku frá stjórnarfundi til að senda fundargerð á alla stjórnarmenn. Stjórnarmenn hafa svo viku frá því að fundargerð berst þeim til að fara yfir og samþykkja eða skila með athugasemdum til ritara sem tekur allar athugasemdir saman og sendir breytta fundargerð á stjórnarmenn til samþykktar.

Aðalstein spyr um þingfundargerð. Pálmi segir að hún sér klár, hann á eftir að fara yfir hana og sjá hvað það er sem við verðum að gera sem samþykkt var á sambandsþingi.

Skoða þarf það að fólk komi úr nokkrum íþróttagreinum í stjórn afreksmanna sjóðs. Stjórnarmenn hugsa það fram á næsta fund.

Pálmi leggur til greiða upp skuldabréf UMSB í Arionbanka, það er samþykkt.

Næsti stjórnarfundur.

6.maí kl. 20 í Borgarnesi samkv. dagatali.

Fundi slitið
Fundagerð ritar Þórhildur María Kristinsdóttir